


Rangárþing ytra
Rúnar Guðmundsson,
byggingafulltrúi
Rangárþings ytra og eystra
Laufskálum 2
850 Hella



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 9. ágúst 2011
Tilvísun: UST20110600121/vgh

Efni: Deiliskipulag fyrir Áfangagil, Rangárþingi ytra

Vísað er til bréfs Rúnars Guðmundssonar f.h. Rangárþings eystra dags. 11. júní s.l. þar sem samkvæmt 2. og 3. mgr 40. gr Skipulagsslaga nr. 123/2010 er óskað umsagnar Umhverfisstofnunar á fyrirhuguðu deiliskipulagi fyrir Áfangagil. Áfangagil liggur inn í norðvesturhlíðar Valafells. Svæðið er vel gróið og ágætar akstursleiðir eru, annars vegar af Dómadalsleið sem og af Landvegi.

Deiliskipulagið er í samræmi við aðalskipulag Rangárþings ytra 2010-2022 og tekur til tjaldsvæðis og þjónustuhúsa. Markmið með deiliskipulaginu er að geta sinnt núverandi fjölgun á svæðinu sem og til framtíðar ásamt því að geta sinnt ferðamönnum í lengri tíma af árinu. Stefnt er að því að deiliskipulag svæðisins verði fyrir rýmilegri uppbyggingu til næstu ára. Öll hús verða samræmd í útliti og látin taka sem mest mið af elsta húsinu á staðnum. Áfram verður hægt að tjalda við Gamla-skála en uppbygging verður norðar á svæði austan lækjar. Byggja á fyrir allt að 100 gistiþláss í húsum en auk þess þjónustuhús til að sinna húsum og tjaldsvæðum. Aðstaða verður fyrir hesta og göngufólk. Fjöldi gistinátta í Áfangagili hefur farið úr 170 árið 2007 í 360 árið 2010. Gert er ráð fyrir að með bættri þjónustu aukist gistináttafjöldi um 15% árlega næstu 3-5 árin.

Vegna fjölgunar ferðamanna á svæðinu þurfa rekstraraðilar að fara í ýmsar framkvæmdir til þess að vernda umhverfi og náttúru á svæðinu og stýra umferð með því að setja upp merktar gönguleiðir, reiðleiðir og vegaslóða sem tekur allt mið af þolmörkum náttúrunnar. Markmið rekstraraðila er að dvalargestir virði ákveðnar reglur um umgengni til að hindra spjöll á náttúru eða röskun á ásýnd landsins.

Athugasemdir Umhverfisstofnunar


Umhverfisstofnun bendir á að svæðið liggur á mörkum svæðis á náttúruminjaskrá nr. 730 en því er lýst þannig; „*Hekla. Rangárvallasýslu. (1) Mörk frá Norðurbotnum um Sölvahraun í Valafell og þaðan í Stóra-Mælifell. Að austan ráða vesturmörk Friðlands að fjallabaki og*


að sunnan frá Laufafelli um Krakatind að Vondubjalla. Þaðan í Selsundsfall, Mælifell í Ytri-Rangá við Stóra-Glerhausgil og upp með ánni að Norðurbotnum. (2) Eitt þekktasta eldfjall landsins.“ Mikilvægt er að tekið verði tillit til nálægðar við friðlönd í nágrenninu við fyrirhugaða uppbyggingu og fjölgun ferðamanna á svæðinu.

Stofnunin telur nauðsynlegt að við fyrirhugaða framtíðaruppbyggingu verði gætt að þolmörkum svæðisins og viðkvæmrar náttúru þannig að ásýnd landsins hnigni ekki m.t.t. fjölda ferðamanna og stýringu þeirra. Mikilvægt er að samræma útlit, lögun og gerð mannvirkja á svæðinu.

Að öðru leiti gerir stofnunin ekki athugasemd við fyrirhugað deiliskipulag.

Virðingarfyllt


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri